



Til Jóns Ragnars Ríkharðssonar

Sæll Jón og gleðilega hátíð. Mér var bent á að þú gerðir skrif mín að sérstöku umfjöllunarefni í pistli sem þú birtir á bloggi þínu í gær, 27.12. 2012. Líklega hefur mér ekki verið ætlað að sjá þetta. Alla vega gafst þú mér ekki tækifæri til að stunda "þrætubókarlist" á þínu bloggi í sambandi við þetta.

Alla tíð hefur það verið svo, að eitt er að segja menn fara með ósannindi. Annað er, hvort í þeirri fullyrðingu felist einhver sannindi. Í pistli þínum segir þú:

"Í pistlinum nefndi ég þá sögulega staðreynd, að Nýsköpunarstjórnin, undir forystu Sjálfstæðisflokksins hafi eytt hluta stríðsgróðans í kaup á togurum, sem nefndir voru "Nýsköpunartogarar".

Hver skildi svo raunveruleikinn vera? Lítum á fréttina af samningnum um smíði 30 togara fyrir Ísland. Fréttin er tekin úr Þjóðviljanum. Þar segir eftirfarandi í inngangi að fréttinni:

"ÞJÓÐVILJINN Föstudaginn 24. ágúst 1945. 185. tölublað.

Ríkisstjórnin hefur nú fengið tilboð frá togarasmíðastöðvum í Englandi um smíði á 30 togurum. Stærð hvers skips mun verða frá 140—170 fet og verð þeirra stærstu allt að 1,9 millj. kr.

Enn hefur þó eigi tekizt að tryggja útflutningsleyfi í Englandi fyrir þessum togurum en útlit er fyrir að það muni takast, en enn er aðeins um að ræða samninga við viðkomandi skipasmíðastöðvar.

Með ráðstöfunum þessum hefur verið gert stærsta átakið til að efla íslenzkan sjávarútveg.

Forseti Íslands gaf í gær út bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að láta smíða eða kaupa allt að 30 togara erlendis og taka til þess allt að 60 millj. kr. lán er greiðist upp er skipin hafa verið seld einstaklingum eða félögum."

Já, þannig lítur þetta nú út. Þú sagðir sjáfur að utanríkisráðherra Bandaríkjanna hefði fengið hugmyndina að Marshallaðstoðinni árið 1947, sem þýðir að hún var ekki einu sinni kominn í hugmyndaheiminn 1945 þegar samið var um smíði togsaranna. Einnig segir þarna að **lán hafi verið tekið fyrir smíðakostnaðinum**. OG áfram heldur þú og gerir mig nú að umræðuefni og segir:

Þá kom athugasemd frá Guðbirni nokkrum Jónssyni, sem hefur oft verið áberandi í umræðunni og hann sagði m.a. um það sem ég sagði um kaupin á togurunum: "Afar athyglisverð söguskýring hjá þér og sýnir vel hve nákvæmt pólitíska uppeldið er hjá Sjálfstæðisflokknum."

ÓJÁ, það var nú það!!!!!! En áfram heldur þú að kvarta undan mér og segir:

"Svo segir Guðbjörn orðrétt; "Það eru nú afbakaðar upplýsingar sem þú hefur fengið að tala um stríðsgróða sem við eigum að hafa notað til atvínusköpunar. Það var nú ekki stríðsgróði heldur styrkur sem okkur var veittur".

Þarna segir þessi þjálfaði þrætumaður að við hefðum fengið styrk til kaupa á togurunum, en styrkurinn sem Nýsköpunarstjórnin fékk, þjóðinni til handa nefndist Marshallaðstoðin og var kennd við Marshall sem var utanríkisráðherra Bandaríkjanna á þessum tíma, að mig minnir.

Hann lagði styrkinn til árið 1947 en togararnir voru keyptir fyrir þann tíma. Þeir sem nenna að lesa sér til vita að það söfnuðust upp miklir peningar í stríðinu og einum þriðja af þeim var eytt í atvinnusköpun.

Þessi maður hefur ekki sést aftur á síðunni minni, þannig að hann kann þá að skammast sín."

Það er nú það. Eftir því ekki mikið þrætuefni á þeirri síðu. EN, svo við þurfum ekki að stunda neina "þrætubókarlist" um þessi málefni, ætla ég að fara að ráðum þínum og nota Google til að setja fram opinberar staðreyndir um Marshalláætlunina. Þær eru svohljóðandi:

"Marshalláætlunin, einnig nefnd Marshallaðstoðin, var áætlun á eftirstríðsárunum (1948-53) skipulögð af bandaríska utanríkisráðuneytinu og átti að stuðla að efnahagslegum uppgangi í löndum Evrópu og auka samvinnu þeirra á milli eftir eyðileggingu seinni heimstyrjaldarinnar. Áætlunin var einnig liður í að sporna gegn útbreiðslu kommúnismans og áhrifa Sovétríkjanna.

*Áætlunin var nefnd í höfuðið á þáverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna **George Marshall** en aðalhöfundar hennar voru aðrir starfsmenn ráðuneytisins, og má þá sérstaklega nefna **William L. Clayton** og **George F. Kennan**.*

Sextán lönd í Evrópu þáðu boð Bandaríkjanna um að taka þátt í áætluninni þ. á. m. Ísland. Íslendingar högnuðust mjög mikið á aðstoðinni, og mest miðað við höfðatölu. Aðstoðin gegndi lykilhlutverki í uppbyggingu landsins eftir stríðið."

Hér er sleppt löngum texta um alskonar stríðsskaða í heiminum en víkjum að Íslandi.

"Ísland

*Gylfi Þ. Gíslason, þáverandi alþingismaður **Alþýðuflokksins**, flutti fyrirlestur þann 25. apríl 1948 í Háskóla Íslands þar sem hann rakti aðdraganda áætlunarinnar og sagði það henta best ef Bandaríkjamenn gætu lánað fé sem Íslendingar mættu sjálfir ráðstafa frekar en að aðstoðin yrði í formi vara eða hráefnis.*

„Vér erum framleiðendur matvæla og feitmetis fyrst og fremst, en einmitt þær vörur skortir sumar hinna þjóðanna mjög, þótt ekki geti þær greitt þær með þeim gjaldeyri, dollurum, sem oss skortir til kaupa á nauðsynjum. Þátttaka Íslendinga gæti orðið á þann veg og þann veg einan, að þeir seldu þessum þjóðum framleiðslu sína og fengju hana greidda af fé, sem Bandaríkjastjórn léti hlutadeigandi landi í té, eða að Bandaríkjastjórn keypti íslenzkar afurðir til þess að afhenda þær þurfandi þjóðum, og yrði það sem liður í aðstoðinni við þær. Á þennan veg væri bætt úr dollarahörf þjóðarinnar, án þess að hún yrði nokkurrar fjárhagsaðstoðar aðnjótandi, og væri það vissulega æskilegast. Sé vöð á góðum framleiðslutækjum að láni, virðist þó slíkt vel geta komið til mála. Þótt þjóðin hafi aukið mjög við framleiðslutæki sín eftir að

stríðinu lauk, er enn fjarri því, að hún sé orðin nægilega auðug að slíkjum tækjum. Hana skortir ennþá skip, fiskiðjuver, stórvirkar landbúnaðarvélar og fjölmörg iðnaðartæki, svo sem sementsverksmiðju og áburðarverksmiðju. Lán til slíkra framkvæmda verða ekki talin óheilbrigð, heldur geta verið til mikilla hagsbóta.““

Marshallaðstoðin var samt sem áður í meginráttum í formi inneignarnóta eða úttekta á innfluttum bandarískum vörum. Mikilvægara var þó að keyptir voru togargar, dráttarbátar og landbúnaðarvélar og var jafnframt ráðist í stærri framkvæmdir s.s. byggingu *Sogsvirkjunar*, *Laxárvirkjunar*, *áburðarverksmiðju í Gufunesi*, *steypuverksmiðju*, *hraðfrystihúsa* og *klæðaverksmiðju Álafoss* svo fátt eitt sé nefnt.

Fjárveitingarnar skiptust í þrjá flokka:

Óafturkræf framlög:	29.850.000 kr.
Lán:	5.300.000 kr.
Skilorðsbundin framlög:	3.500.000 kr.
Samtals:	38.650.000 kr.

Þetta er nú raunveruleikinn um það sem þú kallar "stríðsgróða". Togarakaupin kostuðu 60 milljónir, sem fengnar voru að láni. Fjárveiting Marshallaðstoðarinnar var hins vegar 38,6 milljónir, sem notaðar voru í ofantaldar framkvæmdir.

"Ef maður Googlar "Nýsköpunartogarar", kemur fram fullt af upplýsingum. Þar segir frá frétt í Morgunblaðinu 18. febrúar 1947.

"Það var bjart yfir Reykjavík í gær þegar Ingólfur Arnarson, fyrsti nýsköpunartogarinn, sigldi fánum skreyttur inn á höfnina. Forsjónin hafði sjeð fyrir því, að Reykjavík gat tjaldað sínu fegursta skrúði þegar hún fagnaði komu hins glæsilega skips, sem ber nafn landnámsmanns hennar."

Einnig er þess getið á googlinu að Kaldbakur hafi komið til Akureyrar 17. maí 1947. Og af tölum skipaskrár frá þessum tíma má ráða að einn togari til viðbótar hafi komið á því ári. En síðar segir svo:

"Með komu nýsköpunartogaranna á árunum 1947 og 1948 var lokið hinni eiginlegu nýsköpun fiskiskipaflotans, sem hófst með samningunum um smíði Svíþjóðarbátanna á árinu 1944. Ekki voru allir sammála um að skynsamlega hefði verið að verki staðið. Sumir töldu, að of geyst hefði verið farið í uppbygginguna og aðrir sáu ofsjónum yfir miklum opinberum afskiptum og þátttöku í útgerðinni. Þær raddir urðu háværingar þegar kom fram yfir 1950 og halla tók undan fæti fyrir íslenskri togaraútgerð. Frá þeirri þróun segir í næsta kafla, en hún átti í raun ekkert skylt við nýsköpunina sem slíka."

Kannski má nefna það kaldhæðni örlaganna að Nýsköpunarstjórnin var farin frá völdum þegar fyrsti nýsköpunartogarinn kom til landsins. Stjórnin fór frá völdum 4. febrúar 1947 en Ingólfur Arnarson kom til hafnar í Reykjavík 17. febrúar 1947. Það var því ríkisstjórn þriggja flokka undir forystu Alþýðuflokks,

sem tók á móti togurunum og Marshallaðstoðinni, sem Íslendingum var boðið að byggja.

Já kæri Jón! Það er einungis einn þjóðfélagshópur sem segir mig viðhafa "þrætubókarlist". Það eru þeir sem leggja ekki á sig að kynnast mér heldur taka blint við slagorðaflaumi úr innsta hring Sjálfstæðisflokksins, en þar er þessi nafngift samín. Eðlilega er þeim í nöp við mig þar sem ég hef svo oft eyðilegt fyrir þeim ýmis áform. En svona er lífið. Þegar á rökum eru ekki tók, taka strákapörin við.